

Nr. 20-053 S 038 Otur II ÍS 173**Vélarbilun**

Skipaskr.nr.: 2599
Smíðaður: Seigla Reykjavík 2003, trefjaplast.
Útgerð: Siglunes hf
Stærð: 14,97 bt.
Mesta lengd: 12,05 m *Skráð lengd:* 11,58 m
Breidd: 3,60 m *Dýpt:* 1,44 m
Vél: Yanmar 368 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 2



Otur II©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 28. ágúst 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 28. apríl 2020 var Otur II ÍS 173 á línuveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: S 7 m/s.

Á veiðum kom upp bilun í framdriftsgír bátsins og ekki var hægt að kúpla saman. Óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Kobbi Láka fór til aðstoðar. Eftir að björgunarskipið var komið að bátnum var búnaðurinn prófaður og náðist þá að kúpla saman. Siglt var til hafnar á Bolungarvík í fylgd björgunarskipins.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun á gírnum kom í ljós að smurolúsíu í botni gírsins var hálf stífluð;
- að báturinn var með þjónustusamning skráðan hjá Samgöngustofu frá árinu 2007 um viðhald á vélbúnaði hjá vélsmiðju á Siglufirði;
- að í ljós kom við nánari athugun Samgöngustofu að þjónustusamingurinn hafði fallið úr gildi á árinu 2015 en ekki verið skráð í kerfi stofnunarinnar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sérstök athugasemd:

Í máli nr. 04415 sem afgreitt var þann 29. maí 2017 setti nefndin fram eftirfarandi tillögu í öryggisátt:

„Nefndin beinir því til ráðuneytis samgöngumála að tafarlaust verði viðauka II í reglugerð nr. 175/2008, um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum, tekinn til endurskoðunar. Við endurskoðun þessa verði tryggt að eftirlit og viðhald vélbúnaðar skipa verði með fullnægjandi hætti.“

Engin viðbrögð hafa komið við þessari tillögu.